21
20. júní

# LÖG

um

framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 70, 27. júní 1921, skulu vera í gildi til ársloka 1924.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Kl. Jónsson.*

22
20. júní

# FJÁRAUKALÖG

**fyrir árið 1923.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 375730 kr. til gjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr. Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922, 1500 til hvors, kr. 3000,00.

3. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 61735 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði: | | |
| | a. fyrir árið 1922 ........................ kr. 250,00 | | |
| | b. fyrir árið 1923 ........................ — 250,00 | kr. | 500,00 |
| 2. | Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að ................................ | — | 17000,00 |
| 3. | Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Síðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að ................................ | — | 10000,00 |
| 4. | Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að | — | 4200,00 |
| 5. | Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur ............ | — | 2000,00 |
| 6. | Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja ........ | — | 4800,00 |
| 7. | Til geitnalækninga, ⅗ kostnaðar .................... | — | 3000,00 |
| 8. | Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að ................................ | — | 5000,00 |
| 9. | Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa, enda setjist hann að á Austurlandi ........................ | — | 1500,00 |
| 10. | Til Guðnýjar Jónsson, styrkur til að ljúka hjúkrunarnámi | — | 1000,00 |
| 11. | Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikissjúklinga í Flensborgarskólanum ................................ | — | 1635,00 |
| 12. | Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur | — | 1500,00 |
| 13. | Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru ................................ | — | 2500,00 |
| 14. | Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki ................................ | — | 1600,00 |
| 15. | Til Elínar Sigurðardóttir, í sama skyni ................ | — | 1000,00 |
| 16. | Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu ........................ | — | 2000,00 |
| 17. | Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer heilsubótar erlendis ................................ | — | 1500,00 |
| 18. | Til Kristjáns Jónassonar, veitingamanns í Borgarnesi, til þess að bæta honum að nokkru tjón, er hann beið við sóttkvíun ................................ | — | 1000,00 |
| | Samtals | kr. | 61735,00 |

22
20. júní

### 4. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 128340 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir | kr. | 3000,00 |
| | Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum. | | |
| 2. | Til dragferjuhalds: | | |
| | a. Á Skjálfandafljóti ........ kr. 300,00 | | |
| | b. Á Blöndu ........ — 300,00 | | |
| | | — | 600,00 |
| 3. | Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi) ........ kr. 8000,00 | | |
| | og til Breiðafjarðarbátsins Svans ........ — 10000,00 | | |
| | | — | 18000,00 |
| | Styrkirnir eru því skilyrði bundnir, að bátarnir fái annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og ríkissjóðsstyrkurinn. | | |
| 4. | Viðbótarlína frá Reykjafjarðarsíma að Kaldrananesi .... | — | 6500,00 |
| 5. | Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans ........ | — | 10240,00 |
| 6. | Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur) ........ | — | 75000,00 |
| 7. | Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð .. | — | 4000,00 |
| 8. | Til að endurreisa stikur á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja ........ | — | 11000,00 |
| | Samtals | kr. | 128340,00 |

### 5. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 12680 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til þess að kaupa gagnvermi („Diathermi“-áhald), alt að | kr. | 3500,00 |
| 2. | Til þess að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að ........ | — | 4000,00 |
| 3. | Til Einars Jónssonar kennara við stýrimannaskólann, uppbót | — | 1180,00 |
| 4. | Til kvennaskólans í Reykjavík, viðbótarstyrkur ........ | — | 2000,00 |
| 5. | Til sama skóla, til áhaldakaupa ........ | — | 1000,00 |
| 6. | Til kvennaskólans á Blönduósi, viðbótarstyrkur ........ | — | 1000,00 |
| | Samtals | kr. | 12680,00 |

6. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 36400 kr.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Til aðgerða á Þingvöllum | | kr. | 3000,00 |
| 2. | Til aðgerða á Bessastaðakirkju | | — | 450,00 |
| 3. | Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922 | | — | 1000,00 |
| 4. | Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson | | — | 4000,00 |
| 5. | Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar | | — | 1250,00 |
| 6. | Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting) | | — | 15000,00 |
| 7. | Til ritstarfa: | | | |
| | a. Til dr. Helga Pjeturss | kr. 1600,00 | | |
| | b. Til Jakobs Thorarensens | — 800,00 | | |
| | c. Til Stefáns frá Hvítadal | — 800,00 | | |
| | | | — | 3200,00 |
| 8. | Til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga | | — | 500,00 |
| 9. | Til Emanuel Cortes yfirprentara, til að sækja prentlistasýningu í Gautaborg sumarið 1923 | | — | 2500,00 |
| 10. | Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg | | — | 2000,00 |
| 11. | Til hljóðfæraskólans í Reykjavík | | — | 1000,00 |
| 12. | Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands | | — | 2500,00 |
| | | Samtals | kr. | 36400,00 |

7. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 111100 kr.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót | | kr. | 600,00 |
| 2. | Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921 | | — | 1900,00 |
| 3. | Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að | | — | 10000,00 |
| 4. | Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík | | — | 20000,00 |
| 5. | Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum | | — | 30000,00 |
| 6. | Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar: | | | |
| | a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að | kr. 12000,00 | | |
| | b. Til Blönduósbryggju alt að | — 3000,00 | | |
| | Flyt | kr. 15000,00 | kr. | 62500,00 |

22
20. júní

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flutt .... | kr. 15000,00 | kr. | 62500,00 |
| c. Til Skagastrandarbryggju alt að ........ | — 3000,00 | | |
| d. Til Stokkseyrarbryggju alt að .......... | — 3000,00 | | |
| e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að .......... | — 3000,00 | | |
| f. Til Stykkishólmsbryggju .............. | — 8000,00 | | |
| | | — | 32000,00 |
| 7. Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að | | — | 3000,00 |
| 8. Til að dýpka siglingarleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að .................. | | — | 8000,00 |
| 9. Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót .................................. | | — | 1000,00 |
| 10. Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót .................................. | | — | 600,00 |
| 11. Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi .......................... | | — | 3000,00 |
| 12. Til Kvenrjettindafjelags Íslands .................... | | — | 1000,00 |

Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur í liðunum 3—5 og 8, verði tryggilega af hendi leyst.

Samtals kr. 111100,00

## 8. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 1475 kr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum .......... | kr. | 300,00 |
| 2. Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju .................... | — | 375,00 |
| 3. Til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka .................................. | — | 300,00 |
| 4. Til Sigurðar Magnússonar, læknis frá Patreksfirði ...... | — | 500,00 |
| Samtals | kr. | 1475,00 |

## 9. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 21000 kr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921 .... | kr. | 3000,00 |
| 2. Til Einars Þorkelssonar, fyrv. skrifstofustjóra, sjúkrastyrkur | — | 1000,00 |
| 3. Til björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, $1/3$ kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að .................................. | — | 15000,00 |
| 4. Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót .... | — | 2000,00 |
| Samtals | kr. | 21000,00 |

10. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánið skal veita til 10 ára, með 5½% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus í 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
4. Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.
5. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
6. Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með 5½% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, sem stjórnin tekur gilda.
7. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

Viðlagasjóðslán h.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

11. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:
   1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.
   2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.
   3. Alt að 30000 kr. til niðursuðufjelags, er Konráð Stefánsson gengst fyrir, ef fyrirtækinu er fyrir fram trygt nægilegt stofnfje og rekstrarfje.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er í þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Kl. Jónsson.*